

# Hvert er hlutverk **náttúruverndarnefnda?**

*Ársfundur Umhverfisstofnunar,  
náttúruverndarnefnda sveitarfélaga  
og náttúrustofa*

*Flúðum, 8. nóvember 2018*

## Hvað er náttúruverndarnefnd?

- Þriggja til sjö manna nefnd, kosin af sveitarstjórn.
- Sveitarstjórn setur nefndinni erindisbréf.
- Sveitarfélög geta haft samvinnu um starfrækslu náttúruverndarnefnda.





Hlutverk  
**náttúruverndarnefnda** skv.  
14. gr. **náttúruverndarlaga**

- Vera sveitarstjórnnum til ráðgjafar um náttúruverndarmál.
- Stuðla að náttúruvernd á sínu svæði, m.a. með fræðslu og umfjöllun um framkvæmdir og starfsemi sem líklegt er að hafi áhrif á náttúruna.
- Gera tillögur um úrbætur til sveitarstjórna og Umhverfisstofnunar.



## Tengsl náttúruverndarnefnda við Umhverfisstofnun

- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um kjör náttúruverndarnefnda.
- Náttúruverndarnefndir skulu leita aðstoðar og ráðgjafar hjá Umhverfisstofnun þegar ástæða er til.
- Umhverfisstofnun, fulltrúar náttúruverndarnefnda og forstöðumenn skulu halda a.m.k. einn sameiginlegan fund á ári.
- Náttúruverndarnefndir skulu veita Umhverfisstofnun yfirlit yfir störf sín með skýrslu í lok hvers árs.



## Tengsl náttúruverndarnefnda við náttúrustofur

- Náttúrustofur skulu veita náttúruverndarnefndum á starfsvæði stofunnar upplýsingar og ráðgjöf á verksviði stofnunar samkvæmt ákvörðun stjórnar náttúrustofu hverju sinni.
- Ráðherra skal setja í reglugerð nánari ákvæði um hlutverk náttúruverndarnefnda og tengsl þeirra við náttúrustofur.



## Hlutverk náttúruverndarnefnda skv. öðrum ákvæðum náttúruverndarlaga

- 30. gr. Heimild til að bæta aðstöðu til útivistar
- 36. gr. Umsagnaraðili um tillögu að náttúruminjaskrá.
- 37. gr. Umsagnaraðili vegna framkvæmda á svæðum sem skráð eru á C-hluta náttúruminjaskrár.
- 41. gr. Umsagnaraðili vegna undanþága frá ákvæðum friðlýsingar.
- 44. gr. Umsagnaraðili um afnám eða breytingu friðlýsingar.



## Hlutverk náttúruverndarnefnda skv. öðrum ákvæðum náttúruverndarlaga

- 57. gr. Umsagnaraðili vegna framkvæmda sem fela í sér röskun á friðuðu svæði eða fyrirbæri.
- 58. gr. Umsagnaraðili um umsóknir um undanþágur frá ákvæðum auglýsingar um friðun.
- 61. gr. Umsagnaraðili vegna framkvæmda sem raska tilteknum vistkerfum og jarðminjum sem njóta sérstakrar verndar.



## Hlutverk náttúruverndarnefnda skv. öðrum ákvæðum náttúruverndarlaga

- 68. gr. Umsagnaraðili vegna gerð svæðis- og aðalskipulagsáætlana og verulegra breytinga á þeim. Einnig við gerð deiliskipulags á náttúruverndarsvæðum og svæðum í 61. gr og frummatsskýrslu framkvæmdaraðila vegna mats á umhverfisáhrifum.
- 77. gr. Umhverfisstofnun er heimilt að fela m.a. náttúruverndarnefndum að fylgjast með ástandi svæða í óbyggðum.





## Vægi náttúruverndarnefnda

### Styrkur


- Opnar heimildir til að móta starfið
- Mikilvægir umsagnaraðilar
- Nálægðarsjónarmið, sérstaklega varðandi samráð.

### Veikleiki

- Lífið ákvörðunarvald
- Hagsmunaárekstrar, t.d. vegna umsagna
- Starfsmenn
- Afgreiðslumál

## Í hnotskurn

- Vera ráðgefandi, stuðla að náttúruvernd og gera tillögur um úrbætur
- Mikilvægir umsagnaraðilar um fjölbreytt málefni



Takk fyrir mig

